

## **14. fundur Breiðafjarðarnefndar haldinn 18. júní 1999 kl 11:00 að Hótel Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson, Sigurður Þórólfsson, , Árni Björnsson, Jóhannes Gíslason, Ævar Petersen Guðmundur P. Ólafsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigmundur Einarsson og Sigríður Stefánsdóttir.

Áður boðaður fundur 26. maí féll niður og næsti fundur boðaður 18. júní kl 11:00 að Hótel Stykkishólmi.

### **1. Fundargerð 12. og 13. fundar.**

Formaður nefndarinnar FP setti fundinn.

Fundargerðir 12. og 13. fundar lesnar upp og samþykktar með smávægilegum breytingum.

Formaður gat þess að umboð nefndarmanna til nefndarsetu rynni út í árslok og því mikilvægt fyrir nýjan ráðherra að heyra af störfum nefndarinnar.

### **2. Ársskýrsla Breiðafjarðarnefndar.**

Formaður las upp ársskýrslu nefndarinnar og var hún samþykkt að viðbættu breyttu orðalagi í kaflanum, Breiðafjörður í tímaritinu PARKS, þar sem talið var heppilegra að nota orðið *verndað* í stað orðsins *fríðað*.

### **3. Innsend erindi.**

Formaður kynnti innkomið bréf frá byggingarfulltrúa Dalabyggðar dags. 23. apríl 1999.

Nefndarmenn höfðu síðan orðaskipti um byggingaframkvæmdir í eyjum Breiðafjarðar og litu til texta 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. *"Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar"*. Einnig að heimilt sé að byggja á lögbýlum á svæðinu nema *"spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða"*.

Hvernig ætlar nefndin að taka á málum? Í fyrsta lagi í þeim tilvikum þar sem búið er að byggja? Í öðru lagi hvernig verður tekið á fyrirvara 3. mgr. 6. gr. laganna? Og í þriðja lagi er ekki nauðsynlegt að móta heildarstefnu þessara mála þar sem hætta er á að ásókn í byggingaframkvæmdir á svæðinu eigi enn eftir að aukast.

Nefndarmenn ræddu slagorðið *"Búseta er besta vörnin"* út frá hugsanlegri stefnumótun þessara mála og sýndist sitt hverjum. Gott geti verið að styðja við hefðbundin eyjabúskap en ekki eigi að heimila búsetu í eyjum þar sem ekki hefur verið búið áður. Væntanlega þurfi að senda skipulagsyfirvöldum á svæðinu bréf þar sem lagafyrirmælin verði tíunduð.

Formaður greindi frá því að nefndin þurfi að taka afstöðu til fyrirbyggjandi erinda:

- 1) Bréf Dalabyggðar dags. 23. apríl 1999. Óskað er eftir umsögn nefndarinnar.
- 2) Bréf Elísabetar Gunnarsdóttur dags. 18. júní 1999 er barst inn á fundinn. Umrædd bygging hefur ekki farið fyrir byggingaryfirvöld.
- 3) Erindi um tilmæli til Vegagerðarinnar og skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi nr. 60, frá Bjarkarlundi í Reykhólahreppi í Vatnsfjörð í Vesturbyggð.

Afgreiðslu erindanna er frestað til næsta fundar.

Nefndarmenn sammála um að móta þurfi vinnureglur vegna innsendra erinda um byggingar í eyjunum. Erindum einstaklinga eigi að vísa til byggingarfullrúa hverju sinni. SE nefnir fund sem hann, ÆP og FP hafi átt með Stefáni Tors skipulagsstjóra þar sem fram kom að fulltrúar

sveitarstjórna sendi erindi til nefndarinnar vegna skipulagsmála. Nefndarmenn sammála um að nefndin sé umsagnaraðili erinda en skipulagsyfirvöld eru hinir réttu eftirlitsaðilar.

#### **4. Verndaráætlun Breiðafjarðar.**

GÞ nefnir að hún hafi ekki fengið ábendingar frá öðrum nefndarmönnum en ÆP og SE.

GÞ óskaði eftir því að verndaráætlunin yrði send Íslenskri málstöð til yfirlestrar áður en hún yrði senda sveitarstjórnnum til umsagnar.

Nefndarmenn sammála því að skilgreina þyrfti sértæk orð sem notuð eru í verndaráætluninni og rétt væri að hafa hugtaksskilgreiningarnar sem viðauka með áætluninni.

ÁB og GÞ taka að sér að yfirfara kafla II og ÆP og GÞ kafla III.

Ákveðið að senda ráðherra Ársskýrslu Breiðafjarðarnefndar. Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar verði sent með sem fylgiskjal auk greinarinnar sem birtist í PARKS.

#### **5. Önnur mál.**

Ritari nefndarinnar var beðin að afla eftirtalinna gagna:

- a) Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til aldamóta, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.
- b) Svæðisskipulags Dalasýslu og Austur-Barðarstrandarsýslu 1992-2012.
- c) Ræða við Árna Bragason um Ramsar fundinn.

Næsti fundur ákveðinn 29. júní 1999 í Reykjavík og hefst hann kl. 11:00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 15:45.